

Nd.

229. Frumvarp til laga

[89. mál]

um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 31. jan.)

Samhljóða þskj. 109 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 15. gr. eru eftirfarandi:

1. Að húsakynni og húsbúnaður fullnægi þeim skilyrðum, sem ráðuneytið setur með reglugerð.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt að fyrirtækið starfi, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Nú ris ágreiningur milli lögreglustjóra og sveitarstjórnar, og sker þá ráðherra úr.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum tillögum eftirlitsmanna, að krefjast þess, að í veitingahúsum og á skemmtistöðum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðslu eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til, að beri slíkan kostnað.

22. gr. hljóðar svo:

Gjalda skal í rikissjóð fyrir:

- | | |
|--|-------------|
| 1. Gistihúsleyfi, veitingahúsleyfi, leyfi fyrir skemmtistað | kr. 3000.00 |
| 2. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi, söluskýlisleyfi | — 1500.00 |
| 3. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi | — 1000.00 |
| 4. Leyfi til tækifærisveitinga og bráðabirgðaleyfi samkv. 24. gr. | — 150.00 |
| 5. Gjald fyrir endurnýjun leyfis | — 150.00 |

Þeir aðilar, sem hafa öðlzt veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga um veitingasölu, gistihúshald o. fl., nr. 21 15. júní 1926, skulu aðeins greiða endurnýjunargjald af fyrsta leyfi, sem þeir kunna að fá útgefið samkvæmt lögum þessum.

Nú er starfsemi flutt í ný húsakynni og þarf af þeim orsökum að gefa út nýtt leyfi, og skal þá greiða jafnhátt gjald og við venjulega endurnýjun leyfis, enda sé starfsemin á hinum nýja stað sams konar og á hinum fyrri.

Nú rekur leyfishafi fleiri en einn gisti- eða veitingastað, og skal þá greiðast gjald fyrir hvern þeirra.

Leyfið skal endurnýja á fjögurra ára fresti gegn gjaldi samkv. 5. tl. þessarar greinar. Gjaldið skal greitt lögreglustjóra fyrir lok janúarmánaðar, og má innheimta það með lögtaki.

Lögreglustjóra er heimilt að synja leyfishafa um endurnýjun, ef fyrir liggja kærur frá eftirlitsmanni eða heilbrigðiseftirliti um alvarlegar misfellur á rekstrinum, unz úr hefur verið bætt.